

Umsögn við tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta – 308. mál

Samband íslenskra sjóminjasafna fagnar tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 349 – 308. mál.

Í tillögunni er mælt með að:

- a. *Stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta.*

Í greinargerð er skilmerkilega fjallað um hvernig Alþingi hefur allt frá árinu 2000 reynt að koma varðveislu gamalla báta og skipa í örugga höfn án árangurs þrátt fyrir mikinn stuðning þingheims við það. Nú er sannarlega tímabært að bæta þar úr skák. Þess má geta að fornminjasjóður hefur nú „heimild“ skv. lögum um menningarminjar til að veita styrki til viðhalds skipa og báta. (Lög um menningarminjar 2012 nr. 80, 42. grein). Eiginlegt hlutverk sjóðsins er hins vegar að varðveita fornminjar og styrkja fornleifarannsóknir og þangað hafa nær allir fjármunir sjóðsins farið síðan lögin tóku gildi. Reynslan af núverandi lögum sýnir því að nauðsynlegt er að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sambærilegan húsafriðunarsjóði.

- b. *Sjóðurinn njóti árlega framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.*

Eðlilegt er að ríkissjóður styrki varðveislu eldri báta og skipa eins og annarra atvinnu- og menningarminja í landinu. Sömuleiðis er eðlilegt að starfsgreinar sjávarútvegsins sinni sögu sinni og taki þátt í verkefninu, til dæmis til hálfis á móti ríkissjóði, alveg sérstaklega þegar vel árar.

- c. *Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára í senn og reglur um úthlutanir til verkefna, varðveislugildi o.fl. komi fram í samþykktum sjóðsins.*

Hér er um að ræða gagnlega tillögu sem vert er að útfæra á sem skýrastan hátt.

d. Forsætisráðherra flytji Alþingi tíðindi af framgangi ályktunarinnar fyrir þinglok vorið 2020.

Hér er áréttað að málið þoli ekki frekari bið, varðveisla eldri báta sé í ólestri og hafi verið lengi, og er tekið undir það heils hugar hér.

Í sambandi við þessa tillögu er vert að benda á að fyrir skömmu, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út afar vandaða og ýtarlega fornbátaskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Þetta eru alls um 190 bátar, margir í bágu ástandi. Auk þeirra er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við í skrána. Hér er lagt til að það sé gert sem fyrst.

Jafnframt er lagt til að upp úr fornbátaskránni verði unnar flokkaðar skrár til hægðarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélbáta, vélbáta og skip með þilfari auk lista yfir báta eftir smíðaeefni (tré, járn) og fleiri skrár.

Á það skal bent að mikil vinna liggur að baki fornbátaskrárinni og er þess vegna mælt með að sérstakur starfsmaður verði ráðinn tímabundið í framangreind tvö verkefni. Að því loknu má segja að samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta sé komin eins langt og unnt er að sinni, þótt henni ljúki í raun aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Reykjavík 12. mars 2020

Fyrir hönd Sambands íslenskra sjóminjasafna

Helgi Máni Sigurðsson

formaður

helgi.mani.sigurdsson@reykjavik.is